



BLÁTT ÁFRAM
FORVARNARVERKEFNI

SKÝRSLA STJÓRNAR
FYRIR ÁRIÐ 2014

Blátt  *áfram*



Einkastaðir eru **einkastaðir**.
Ég á þá og ræð yfir þeim.

Sum leyndarmál eiga ekki að
vera leyndarmál.

Það er **aldrei** börnum að
kenna ef einhver brýtur
regluna um einkastaðina.

Ef einhver brýtur regluna
um einkastaðina skaltu
segja einhverjum fullorðnum
sem þú treystir frá því eða
hringja í **112**



Blátt áfram forvarnarverkefni

Ábyrgðarmaður: Sigríður Björnsdóttir

Hönnun og umbrot: grafik.is

Prentun: Prentmet

Skrifstofa Blátt áfram er í Fákafen 9, 108

Reykjavík. Pósthólf 8411, 128 Rvk.

Sími 533 2929

Netfang: blattafram@blattafram.is

Veffang: blattafram.is

Reykjavík 2015



Efnisyfirlit

Um Blátt áfram	4
Framtíðarsýn.....	4
Áhrif félagsins	4
Aðferðarfræði.....	5
Forvarnir og foreldrar	5
Erindi stjórnarformanns.....	6
Námskeið breytir hegðun fólks.....	6
Börn eiga rétt á vernd gegn ofbeldi.....	6
Fullorðnir bera ábyrgðina, ekki börnin	6
Fjáröflun.....	8
Styrkir.....	8
Reykjavíkumaraþon	8
Einkastaðir líkamans.....	8
Átaksverkefni og samráðsfundur.....	8
Ljósíð á Þjóðhátíð	10
Fræðsla Blátt áfram	12
Fræðsla til fullorðinna	12
Fyrirlestur.....	12
Námskeið	12
Fræðsla fyrir leik- og grunnskólabörn	14
Teiknimynd - Leyndarmálið – segjum nei, segjum frá!	14
Lífsleikni	14
Facebook	14
Samráð og samstarf.....	14
Erlent samstarf.....	15
Rannsóknir sem tengjast Blátt áfram	16
Stjórn og starfsfólk.....	16
Rekstraryfirlit.....	17

Um Blátt áfram


Tilgangur

Blátt áfram starfar fyrst og fremst að fyrsta stigs forvörnum. Með fyrsta stigs forvörnum er átt við fræðslu til fullorðinna, fjölskyldna og samfélagsins alls. Í fræðslunni er hvatning til að taka nauðsynleg skref til að vernda börn gegn ofbeldi.

Við bjóðum upp á stuðning, upplýsingar og faglega ráðgjöf til að vernda börn og gera umhverfi okkar öruggara. Síðan 2004 höfum við gert grein fyrir, endurskoðað og bent á áhrifaríkar leiðir fyrir einstaklinga, fjölskyldur og samfélagið til að taka þau skref sem þarf til að vernda börn frá því að verða fyrir kynferðislegu ofbeldi.

Framtíðarsýn

Að fullorðnir taki þátt í að hugsa um verndandi þætti í umhverfi barna og skapa öruggt og stöðugt samfélag og góð samskipti fyrir öll börn. Börn eiga að vera laus við



Vistfræðillikan Urie Bronfenbrenner.

áföll af öllu

tagi þegar þau

vaxa úr grasi og þar á meðal kynferðisofbeldi. Blátt áfram var stofnað af þolendum sem áttuðu sig á mikilvægi umræðu um ofbeldi. Þær aðferðir sem voru notaðar áður dugðu ekki til að vernda börn frá því að verða fyrir slíku ofbeldi. Markmiðið er að rjúfa þögnina svo að samfélagið geri sér grein fyrir að það er mögulegt að koma í veg fyrir kynferðisofbeldi. Er það m.a. gert með því að fullorðnir beiti forvörnum til að vernda börn og noti efni og leiðir sem eru sannreynd. Fullorðnir vilja og geta komið í veg fyrir ofbeldi, ef þeir hafa aðgang að nákvæmum upplýsingum, gagnlegum verkfærum, leiðsögn og stuðningi. Samfélög er hægt að virkja með frumkvæði, m. a. viðleitni til að takast á við margbreytileika ofbeldis sem gerist í nærumhverfi.

Áhrif félagsins

Blátt áfram hefur haft veruleg áhrif á varanleg framlög til lýðheilsu, forvarna gegn ofbeldi á börnum og samfélagsvitund. Meðal annars eru samtökin brautryðjendur í áherslu á fullorðinsfræðslu um ábyrgð í forvörnum gegn kynferðisofbeldi á börnum á Íslandi. Þau hafa notast við gagnreyndar aðferðir og sannreynt erlent efni. Þau hafa byggt upp teymi um allt land af fagfólki í bæjarfélögum landsins sem sjá um forvarnarfræðslu í sínu sveitafélagi, í góðu samstarfi við fagaðila sem starfa við málaflokkinn.

Verum upplýst

- kaupum ljósið!



Ein af hverjum 5 stölpum og einn af hverjum 10 dröngjum verða fyrir kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára aldur.

Herferð Blátt áfram hefst 30. apríl og lýkur 4. maí

Forvarnarsamtökin Blátt áfram hvetja til forvarnarfræðelu fyrir fullorðna í grunnskólum og samfélaginu öllu gegn kynferðisofbeldi á börnum. Starfið hjá forvarnarsamtökunum fer fram allt árið og fagna þau 10 ára afmæli á þessu ári.

Það er verkefni mikilvægt að samfélagið tyni stuðning einn í verki því án framlags verur Blátt áfram ekki starfandi. Við hvetjum landsmenn alla að hjálpa okkur í að upplýsa ljóðina um gildi forvarna með því að kaupa ljósið.



Ljósið fest í helstu verðunarskjörnum um land allt!



Verum upplýst, kaupum ljósið! blattafram.is

Aðferðarfræði

Rannsóknir á kynferðisofbeldi sýna að stór hluti ofbeldisins gerist í nærumhverfi okkar. Af fólki sem okkur þykir vænt um. Það getur verið hver sem er í fjölskyldunni eða í okkar nána umhverfi. Í rannsókn Dagbjartar Rúnar Guðmundsdóttur (bls 14 – 17, Verndarar barna, 2012) er talað um vistfræðilíkan Bronfenbrenners þar sem lýst er að mikilvægt er að verndandi umhverfi skapist í kringum barn en til þess að það gerist þurfi marga aðila til að koma þar að, ekki einungis fjölskyldna.

Forvarnir

Blátt áfram hefur með fræðslu sinni ávallt haft í fyrirrúmi að ábyrgð á forvörnum liggur hjá fullorðnum. Með það að leiðarljósi hefur verið nauðsynlegt að opna umræðuna um mikilvægi þess að taka ábyrgð á umhverfi okkar og barna okkar en einnig þarf að átta sig á öðrum veigamiklum atriðum t.d. hverjir eru það sem brjóta gegn börnum, af hverju og af hverju er svona flókið að horfast í augu við málaflokkinn þegar svona mál koma upp? Í bók Smallbona, Mashall og Worthley um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi koma allir þessir þættir vel fram og hefur Blátt áfram nýtt sér þær aðferðir og aðferðarfræði sem um er rætt í þessari bók. Þar er fjallað um þau helstu og áreiðanlegustu forvarnarsamtök í heiminum í dag sem Blátt áfram hefur byggt sýna aðferðarfræði á. Sú aðferðarfræði byggist á að kynna sér staðreyndir og hafa áhrif og á reglur og aðferðir til að vernda börn frá kynferðisofbeldi (Preventing child sexual abuse, 2011). Rannsóknir inná: blattafram.is/rannsoknir/

Forvarnir og foreldrar

Blátt áfram heldur uppi forvarnar- og fræðslustarfi gegn kynferðisofbeldi á börnum.

Hér á landi hefur fræðslan til fullorðinna farið að mestu fram til starfsfólks í leik- og grunnskólum landsins. Námskeið félagsins Verndarar barna er gagnvirkt efni sem hvetur einstaklinga til að taka ábyrg skref til að vernda börn gegn kynferðislegu ofbeldi (Dagbjört Rún Guðmundsdóttur, 2012). Fyrirlestur til foreldrar er um samskipti og fræðsla til barna eru um mörk, samskipti og einkastaði líkamans. Einnig óskar starfsfólk stofnanna eftir fræðslu fyrir unglinga og kennarar grunnskóla sjá um að sýna börnum í þriðja bekk teiknimyndina „Leyndarmálið“.

Félagið veitir ráðgjöf til stofnanna, félagasamtaka og íþróttafélaga um gerð á síða- og starfsreglum til að tryggja vernd iðkenda og starfmanna í starfi. Erlent samstarf jókst á síðastliðnu ári og fleiri félagasamtök og stofnanir sendu hingað til lands einstaklinga til að kynna sér starfið og fá þjálfun í forvörnum gegn kynferðislegu ofbeldi. Starfsfólk félagsins fór einnig til annara landa til að taka þátt í ráðstefnum og að þjálfa einstaklinga í forvarnarfræðslu.

Árið 2014 var tíunda starfsár félagsins en félagið var stofnað 2004 og frá 1. mars 2006 hafa samtökin verið rekin sem sjálfstætt starfandi samtök.

VERTU VAKANDI!

Góð samskipti milli þín og barna þinna er besta leiðin til að vernda þau gegn kynferðislegu ofbeldi!

Blátt  áfram

blattafram.is VERNDARI BARNNA Í 10 ÁR

VERTU VAKANDI!

55% þeirra sem beita stúlkur kynferðislegu ofbeldi eru karlar tengdir fjölskyldu þeirra.

Blátt  áfram

blattafram.is VERNDARI BARNNA Í 10 ÁR

VERTU VAKANDI!

30% brotþola segja aldrei frá því að þeir hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi.

Blátt  áfram

blattafram.is VERNDARI BARNNA Í 10 ÁR

VERTU VAKANDI!

60% þolenda segja ekki frá kynferðislegu ofbeldi á þeim tíma sem það á sér stað eða fljótlega á eftir.

Blátt  áfram

blattafram.is VERNDARI BARNNA Í 10 ÁR

VERTU VAKANDI!

36% þeirra sem beita drengi kynferðislegu ofbeldi eru ókunnugir karlar.

Blátt  áfram

blattafram.is VERNDARI BARNNA Í 10 ÁR

VERTU VAKANDI!

93% þolenda þekkja þann sem beitir þá kynferðislegu ofbeldi!

Blátt  áfram

blattafram.is VERNDARI BARNNA Í 10 ÁR

Erindi stjórnarformanns

Áunnist á 10 árum

Blátt áfram forvarnarverkefnið gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum er 10 ára um þessar mundir. Þegar horft er yfir farin veg þá hefur margt breyst til batnaðar. Blátt áfram hefur frætt rúmlega 35 þúsund manns, fullorðna, unginga og börn. Með forvarnarfræðslu er hægt að stuðla að betra öryggi í umhverfi barna. Það kallast fyrsta stigs forvörn, að koma í veg fyrir ofbeldið áður en það gerist. Sjö skrefa bæklingur félagsins með ábendingum um forvarnir var sendur á öll heimili á landinu árið 2004 og 2013.



Námskeið breytir hegðun fólks

Blátt áfram hefur nú í 10 ár staðið fyrir fræðslu fyrir fullorðna, foreldra og starfsfólk í formi fyrirlestra og námskeiðsins Verndarar barna. Skólar, kirkjur og tólmundafélög sem leggja metnað sinn í að vernda börn gegn slíku ofbeldi sækja árlega fræðslu til að vera betur í stakk búin til að taka þau skref sem þarf til að vernda börn. Einnig sækja sömu aðilar sér ráðgjöf og upplýsingar til að setja skýrar verklagsreglur til að vernda börnin í sinni umsjá sem og vernda starfsfólk sitt. Reglur í þessu samhengi veita meira frelsi. Námskeiðið breytir hegðun fólks og veitir því hugrekki til að fræða börn sín um mörk, einkastaðina og samskipti.

Niðurstöður rannsóknar á efninu sýna að þekking og viðhorf þátttakenda á ýmsu er viðkemur kynferðislegu ofbeldi eykst og breytist í kjölfar þess að hafa hlotið þjálfun. Álykta má að námskeiðið auki árvekni þeirra sem það sækja og virkni þeirra í að ræða við börn um kynferðislegt ofbeldi. (Dagbjört Rún Guðmundsdóttir 2012). Námskeiðið sækir starfsfólk sem starfar með börnum og ungingum. Önnur rannsókn sem var gerð á starfsfólki leikskóla gefur til kynna að; þátttakendur höfðu almennt grunnþekkingu á skyldum sínum og alvarleika vandans en þekkingarmunurinn var mikill eftir því hvort starfsfólk hafði fengið sérstaka fræðslu um efnið. (Vigdís Guðmundsdóttir 2010).

Börn eiga rétt á vernd gegn ofbeldi

Það hefur orðið vakning um málaflokkinn og fleiri láta sig málið varða. Forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum er ekki vinsælt í fjölmíðlum. Ofbeldið fær umfjöllun þegar um er að ræða hræðilega lýsingar á ofbeldinu þegar einstaklingur stígur fram eða upp kemst um geranda sem hefur brotið á

fjölda barna í mörg ár. Enn er fjöldi fólks og þá sérstaklega foreldrar sem eiga ung börn sem ekki sjá þörf í að ná sér í viðeigandi fræðslu til að geta frætt börn. Nú er ekki verið að segja að fólk kunni ekki að ala upp börn sín, en viðeigandi þekking og upplýsingar um kynferðislegt ofbeldi og hvernig það þrífst í okkar samfélagi eru jafnmikilvægar og upplýsingar um það hvernig vernda skal börn frá öðrum hættulegum aðstæðum.

Börn eiga rétt á vernd gegn ofbeldi segir í Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna og er það hagur okkar allra að börn alist upp í vernduðu umhverfi örugg fyrir ofbeldi. Með auglýsinga-herferðum okkar í fjölmíðlum erum við að hvetja fullorðna til að horfast í augu við það að ofbeldið er að gerast í kringum okkur en það er ekki sýnilegt.

Fullorðnir bera ábyrgðina, ekki börnin

Ekki er hægt að tala um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi nema að taka gerendurnar inni umræðuna, þar hefst ofbeldi. Ofbeldið þrífst í afneitun og ótta og enn heyrum við af stjórnendum í skólum sem halda því fram að ekkert ofbeldi þrífist þar og við þurfum ekki að hafa áhyggjur af slíku í því samfélagi. Það er sorgleg staðreynd þegar talið er að um 17% barna verði fyrir kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára aldur. Gerendur þrífast í samfélagi afneitunar og komast upp með athæfi sitt eins lengi og þeir sjá að ekkert sé að gert og þeir ekki stöðvaðir. Að stöðva þá er á ábyrgð fullorðna fólksins, ekki barnanna.

Á þessum tímamótum heiðraði félagið aðila sem hafa að okkar mati skarað fram úr í forvörnum gegn kynferðisofbeldi á börnum. Það þótti ekki sjálfsagt að fólk ræddi um forvarnir gegn kynferðisofbeldi og hefur margt áunnist í gegnum árin, stofnanir hafa sett sér siðarelgur, skólar sækja sér forvarnarfræðslu fyrir starfsfólk og nemendur. Þessir aðilar eru fyrirmyndir fyrir samfélagið og er mikilvægt fyrir aðra að sjá og fá að vita af því. Við viljum með þakklætisvott hvetja þessa aðila til að halda ótrauð áfram og þakka þeim fyrir að vera Verndarar barna á Íslandi. Viðurkenningarnar voru hannaðar og framleiddar af glerlistarkonunni Berglindi Kristjánsdóttur hjá BK gler í Vestmannaeyjum.

Þessir aðilar eru: Aðventistar, Garðaskóli, Gunnþórunn Jónsdóttir, Hafnarfjarðarbær, Íþróttafélagið HK, Leikskólinn Gullborg, Oddur Pétursson og UMFÍ.

Sigríður Björnsdóttir, stjórnarformaður Blátt áfram.

Apríl 2014

Alþjóðlegur mánuður gegn ofbeldi á börnum



Dagatal fyrir apríl

Hugmyndir fyrir foreldra til að gera skemmtilega hluti með börnum sínum í **apríl** – Forvarnarmánuði gegn ofbeldi á börnum!

Leikur!
Hvað er Blátt áfram?
taktu þátt á [facebook.com/blattafram](https://www.facebook.com/blattafram)

Farsðu inn á blattafram.is og kynntu þér fræðslu fyrir foreldra og hvern er ókeypis fræðsla í boði.

Staðreyndir
Gerðu þér grein fyrir staðreyndum og áhættuþáttum.
7 skref til verndar börnum*

Þann 4. apríl er ókeypis fyrirlestur á netinu fyrir foreldra kl. 20:00.
Skráning á blattafram@blattafram.is



Borða saman
Photo of a family eating together

Fræða og ræða við börnin um einkastöðina þeirra.

Lesið saman Einkastöðir og líkami minn.
Photo of a child reading a book

Skóðu netöryggi með unglíngnum á soft.is

Fækkaðu tækifærunum!
Fækka kringumstæsum þar sem barn er eitt með einum fullorðnum.
7 skref til verndar börnum*

Fara í húsdýragarðinn
Photo of a child with a dog

Ræddu málin!
Börn halda ofbeldinu oft leyndu. Með því að tala opinlegt um málefnið er hægt að tjúfa þögnina.
7 skref til verndar börnum*

Lesið saman „Mín einkastöð“
Photo of a child reading a book

Leikur!
Hvað er kynferðisofbeldi á börnum?
taktu þátt á [facebook.com/blattafram](https://www.facebook.com/blattafram)

Muna að!
Horfa á **Fásu já** með unglíngnum

Vertu vakandi!
Merkin eru ekki alltaf augljós, en merkin eru oft til staðar en þú þarft að koma auga á þau.
7 skref til verndar börnum*

Skírdagur
17
apríl

Leikur!
Hversu mörg börn þekkjast þú sem beita barnið ofbeldi?
taktu þátt á [facebook.com/blattafram](https://www.facebook.com/blattafram)

Gerðu áætlun!
Hvert áttu að leita, í hvern áttu að hringja og hvernig áttu að bregðast við.
7 skref til verndar börnum*

Páskadagur
20

Fylgdu grunsemdum eftir, **velferð** barnsins er í húfi.
7 skref til verndar börnum*

Gera bryggisáætlun!
Sjá á blattafram.is
Photo of a family

Afmæli Blátt áfram
23
apríl

MUNA!
Þann 24. apríl er ókeypis fyrirlestur á netinu fyrir foreldra kl. 20:00.
Skráning á blattafram@blattafram.is

Horfa á teiknimyndina **Leyndarmálið**
Photo of cartoon characters

Fjörufers
Photo of a child on a beach

Leikur!
Hvern er best að byrja að ræða þessi mál?
taktu þátt á [facebook.com/blattafram](https://www.facebook.com/blattafram)

Bústaður
Photo of a child and a dog

Leikur!
Hvert á að hringja ef þig grunar að barn sé beitt ofbeldi?
taktu þátt á [facebook.com/blattafram](https://www.facebook.com/blattafram)

Verum upplýst – kaupum ljósið
Með því að kaupa ljósið ertu að styrkja forvarnarsarf Blátt áfram
Photo of a blue keychain



* 7 skref til verndar börnum
Bæklingur sem er hluti af forvarnarsarfi Blátt áfram gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum.
Finna má bæklinginn á blattafram.is



Fjáröflun

Fjáröflunarverkefni 2014

Fimmta árlega landsöfnun samtakanna var haldin fyrst helgina í maí. Fólk um allt land seldi lykklappur undir kjörorðunum Vertu upplýstur og safnaði fjármagni fyrir hin ýmsu félög og nýttu margir sölulaunin í ferðasjóði sína.



Styrkir

Styrkir í ár komu meðal annars frá Velferðarráðuneytinu, Hafnarfjarðarbæ, VÍS, CCP, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Body shop, Landsbankanum, Reykjavíkurborg og Biskupsstofu v/Einkastaðir líkamans, Reykjanesbæ, Rarik, HS veitum, HS orku, Atlantsólú, Íslenska gámafélaginu, OMR verkfræðistofu, Valitor, Nemendafélagi MH, Barnahag í Vestmannaeyjum, félagasamtökunum Valkyrjum, Oddfellow reglunni og Vistor hf. Fjöldi einstaklinga styður einnig við félagið með mánaðarlegum framlögum sem kallast **Verndarar Blátt áfram**.



Reykjavíkumaraþon

Fjöldi einstaklinga hljóp fyrir félagið og söfnuðust tæplega þrjúhundrað þúsund.

Einkastaðir líkamans

Foreldrahandbók um forvarnir var gefin út á árinu og er bókin tímamótaverk. Bókin gefur foreldrum og uppalendum hugmyndir að því hvernig hægt er að nálgast umræðuna um forvarnir gegn kynferðis- ofbeldi við börn á aldrinum 5 til 12 ára.



Umsögn um bókina

Einkastaðir líkamans er bók sem allir uppalendur ættu að lesa. Hún útskýrir vel og vandlega fyrir lesandanum hvernig hægt er að tala við börn um einkastaði og mörk í samskiptum án þess að vekja upp ótta eða óöryggi. Bókin leiðir lesandann áfram í umræðunni, hún er fræðandi og hefur að geyma góðar spurningar sem uppalendur geta nýtt í samtölum sínum við börn um þetta mikilvæga málefni.

Anna Kristín Newton, sálfræðingur.

Átaksverkefni og samráðsfundur

Fjöldmörg átaksverkefni voru á afmælissári félagsins. Apríl mánuður er alþjóðlegur forvarnarmánuður gegn ofbeldi á börnum og var félagið með skemmtilega getraun allan mánuðinn þar sem fullorðnir voru hvattir til að svara einföldum spurningum úr fræðsluefni félagsins og veittir voru vinningar fyrir rétt svör.



Verum upplýst

- kaupum ljósið!



Ein af hverjum 5 stelpum og einn af hverjum 10 drengjum verða fyrir kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára aldur.

Herferð Blátt áfram hefst
30. apríl og lýkur 4. maí

Forvarnarsamtökin Blátt áfram hvetja til forvarnarfræðlu fyrir fullorðna í grunnskólum og samfélaginu öllu gegn kynferðisofbeldi á börnum. Starfið hjá forvarnarsamtökunum fer fram allt árið og fagna þau 10 ára afmæli á þessu ári.

Það er verkefni mikilvægt að samfélagið eyni stuðning sinn í verki því án framlags væru Blátt áfram ekki starfandi. Við hvetjum landmenn alla að hjálpa okkur í að upplýsa þjóðina um gildi forvarna með því að kaupa ljósið.




Ljósið fest í helstu veshunarkjörnum um land allt!

Blátt  áfram

Verum upplýst, kaupum ljósið! blattafram.is

Verum upplýst

- kaupum ljósið!



Ein af hverjum 5 stelpum og einn af hverjum 10 drengjum verða fyrir kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára aldur.

Herferð Blátt áfram hefst
30. apríl og lýkur 4. maí

Forvarnarsamtökin Blátt áfram hvetja til forvarnarfræðlu fyrir fullorðna í grunnskólum og samfélaginu öllu gegn kynferðisofbeldi á börnum. Starfið hjá forvarnarsamtökunum fer fram allt árið og fagna þau 10 ára afmæli á þessu ári.

Það er verkefni mikilvægt að samfélagið eyni stuðning sinn í verki því án framlags væru Blátt áfram ekki starfandi. Við hvetjum landmenn alla að hjálpa okkur í að upplýsa þjóðina um gildi forvarna með því að kaupa ljósið.




Ljósið fest í helstu veshunarkjörnum um land allt!

Blátt  áfram

Verum upplýst, kaupum ljósið! blattafram.is

Verum upplýst

- kaupum ljósið!



Ein af hverjum 5 stelpum og einn af hverjum 10 drengjum verða fyrir kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára aldur.

Herferð Blátt áfram hefst
30. apríl og lýkur 4. maí

Forvarnarsamtökin Blátt áfram hvetja til forvarnarfræðlu fyrir fullorðna í grunnskólum og samfélaginu öllu gegn kynferðisofbeldi á börnum. Starfið hjá forvarnarsamtökunum fer fram allt árið og fagna þau 10 ára afmæli á þessu ári.

Það er verkefni mikilvægt að samfélagið eyni stuðning sinn í verki því án framlags væru Blátt áfram ekki starfandi. Við hvetjum landmenn alla að hjálpa okkur í að upplýsa þjóðina um gildi forvarna með því að kaupa ljósið.



Ljósið fest í helstu veshunarkjörnum um land allt!

Blátt  áfram

Verum upplýst, kaupum ljósið! blattafram.is

Verum upplýst

- kaupum ljósið!



Ein af hverjum 5 stelpum og einn af hverjum 10 drengjum verða fyrir kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára aldur.

Herferð Blátt áfram hefst
30. apríl og lýkur 4. maí

Forvarnarsamtökin Blátt áfram hvetja til forvarnarfræðlu fyrir fullorðna í grunnskólum og samfélaginu öllu gegn kynferðisofbeldi á börnum. Starfið hjá forvarnarsamtökunum fer fram allt árið og fagna þau 10 ára afmæli á þessu ári.

Það er verkefni mikilvægt að samfélagið eyni stuðning sinn í verki því án framlags væru Blátt áfram ekki starfandi. Við hvetjum landmenn alla að hjálpa okkur í að upplýsa þjóðina um gildi forvarna með því að kaupa ljósið.



Ljósið fest í helstu veshunarkjörnum um land allt!

Blátt  áfram

Verum upplýst, kaupum ljósið! blattafram.is

Á sama tíma var félagið með auglýsingu af hugmyndum fyrir foreldra til að efla samskipti við börn sín. *Hvernig er áhrifaríkast að vinna gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum?*

Haldinn var samráðsfundur þar sem tækifæri til sóknar gegn kynferðisofbeldi barna var velt upp með fjölda fólks sem hafði áhugaverðar hugmyndir til að taka næstu skref. Í nóvember var „Goggi“ dreift með Morgunblaðinu sem fór inn á mörg heimili á landinu. Með honum gafst börnum og fullorðnum tækifæri til að taka umræðu um að setja mörk, einkastaði og líkamann á skemmtilegan máta. Goggunum hefur líka verið dreift á fyrirlestrum, í lífsleiknitímum og á námskeiðum. Dæmi um spurningarnar: *Ef þér líður illa hverjum segir þú frá? Nefndu nokkra sem þú treystir best?*

[Sjá PDF af skýrslu ALTA um samráðsfundinn](#)

Goggurinn

fylgir Morgunblaðinu í dag

Goggurinn fylgir Morgunblaðinu í dag og við vonumst til að hann auðveldi þér að ræða samskipti og mörk við öll börn í þínu lífi.



Upplýsingar um forvarnarverkefni er á vefsíðu okkar blattafram.is og á facebook.com/blattafram



Blátt áfram forvarnarverkefni - Sími 533 2929 - blattafram@blattafram.is



Ljósíð á Þjóðhátíð

ÍBV og Blátt áfram var með lykklakippu með ljósi til sölu undir slagorðinu "Vertu upplýstur" á Þjóðhátíð. Lykklakippan er seld til stuðnings forvarnarstarfi gegn kynferðisofbeldi og til að minna fólk á að vera vakandi og fylgjast með hvort öðru því þannig má koma í veg fyrir að fólk verði fyrir kynferðisofbeldi. Þetta reyndist vera tímamóta verkefni þar sem öðrum aðilum en ÍBV er yfirleitt ekki boðið að koma að fjáröflun inná svæðinu. En með þessum hætti er ÍBV að taka fleiri skref til að minna á alvarleika ofbeldis.



GÓÐ SAMSKIPTI er besta forvörnin!

Stöndum saman og verum
UPPLÝST Á ÞJÓÐHÁTÍÐ



Ert þú búin að kaupa
Ljósið?

Ljósið fæst í dalnum

Blátt áfram hvetja gesti
þjóðhátíðar að kaupa ljósið
til styrktar forvarnarstarfi
samtakanna.

Hafðu samband við okkur
blattafram.is
blattafram@blattafram.is

Blátt áfram á Facebook 



Blátt  áfram

Fræðsla Blátt áfram

Ábyrgð og hlutverk

Á árinu 2014 hlutu tæplega þúsund manns fræðslu á vegum Blátt áfram. Auk þessa sjá starfsmenn á vegum hinna ýmsu sveitarfélaga um fræðslu fyrir sitt fólk og er það ekki inni þessum tölum. Er það mjög ánægjuleg þróun að sveitarfélögin taki ábyrgð á þessari fræðslu.

- **101 fullorðinn einstaklingur á Íslandi og 139 erlendis hlýddu á fyrirlestur um hvernig hægt er að fyrirbyggja kynferðislegt ofbeldi.**
- **162 fullorðnir gerðust Verndarar barna.**
- **423 unglingar fengu lífsleiknifræðslu.**
- **23 erlendir aðilar luku leiðbeinendanám-skeiði Verndara barna og 13 erlendir luku Bella net leiðbeinendanámskeiði.**
- **15 fengu persónulega ráðgjöf og hand-leiðslu.**
- **31 fengu ráðgjöf í gegnum síma eða tölvu-samskipti.**

Fræðsla til fullorðinna

Fullorðnir bera ábyrgð á börnum og hafa samtökin því lagt mesta áherslu á að fræða þá. Fræðslan fer aðallega fram í leik- og grunnskólum í formi fyrirlestra og námskeiða.

Fyrirlestur

Fyrirlesturinn er kynning og fræðsla um tíðni kynferðislegs ofbeldis en samkvæmt íslenskri rannsókn sem gerð var árin 2000-2001 með slembiúrtaki úr þjóðskrá verða um 17% barna fyrir kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára aldur.¹ Í fyrirlestrinum er varpað fram hugmyndum að leiðum til að efla samskipti foreldra og barna um viðkvæma og jafnvel vandræðalega hluti. Umræða um forvarnir við forelda er bæði mikilvæg og nauðsynleg. Hún auðveldar þeim að ræða opinskátt við börnin um líkama þeirra, hvar eðlilegt sé að draga mörkin og hvaða hlutar líkamans eru „einkastaðir“ hvers og eins.

Fyrirlesturinn er ætlaður foreldrum og öðru fullorðnu fólki, sem vinna með og/eða bera ábyrgð á börnum og unglimum.

Ef það væri auðvelt að vernda börn fyrir kynferðisofbeldi væri vandamálið ekki til. Ástæða þess að svo mörg börn, sem eru almennt 25-33% af fólksfjölda á hverjum stað, verða fyrir

kynferðisofbeldi er að samfélagið stendur algerlega ráðþrota gagnvart þessu máli. Þegar börn segja frá því að þau hafi orðið fyrir kynferðisofbeldi eru sönnunargögn venjulega ósýnileg og þær fáu vísbendingar sem koma upp á yfirborðið virðast of ótrúlegar til að mark sé á þeim takandi. Það virðist of erfitt að bregðast við af festu við kynferðisofbeldi gagnvart börnum, mun auðveldara er að gera ekkert og þar með stofna fleiri börnum í hættu. Carla Van Dam 2010.

Erindið fjallar um greinamun á fyrirbyggjandi aðferðum og leiðbeiningum eftir að ofbeldið hefur átt sér stað. Fyrsta stigs forvarnir, möguleika til að draga verulega úr kynferðisofbeldi. Annars stigs forvarnir, aðferðir til að stuðla að öruggara umhverfi (vinnustað) fyrir fullorðna, börn og ungmenni.

Námskeið

Blátt áfram kom á fót námskeiði sem nefnist Verndarar barna fyrir foreldra, kennara og starfsfólk leik- og grunnskóla. Efnið kemur frá grasrótarsamtökunum „Darkness 2 light“ í Bandaríkjunum. Námskeiðið er gagnvirk og felst í þeirri þjálfun að horfast í augu við vandann, vera á varðbergi og bregðast við vanlíðan barns. Erlendar rannsóknir hafa verið gerðar á efninu og íslenskar rannsóknir (sjá rannsókn Dagbjartar R. Guðmundsdóttur) styðja við niðurstöður þeirra. Síðan 2006 hefur Blátt áfram notað námsefni (Verndarar Barna) frá Bandaríkjunum með góðum árangri. Milli sex og sjö þúsund einstaklingar hafa hlotið þjálfun og tekið ábyrgð á verndun barna. Leiðbeinendur fræðslunnar eru fagfólk eins og sálfræðingar, félagsráðgjafar, námsráðgjafar og leik- og grunnskóla kennarar. Einnig hafa sveitarfélög tekið fræðsluna upp á sína eigin arma og sjá alfarið um að sinna þeirri fræðslu í sínu bæjarfélagi. Námskeiðið reynist starfsfólki og kennurum í leik- og grunnskólum sérstaklega vel.

Umsögn um efnið:

Um námskeiðið: Þarft fyrir alla sem vinna með börnum, eiga börn og vilja vera ábyrgir einstaklingar í samfélaginu.

Um kennsluefnið: Gott að fá verkfæri í hendurnar og fara vel yfir efnið aftur og aftur.

Um myndefnið: Mjög fróðlegt, góðir punktar sem vekja mann til umhugsunar til að geta bætt sig í vinnu með börnum.

Um efnið í heild: Fékk upplýsingar um hversu algengur vandinn er og hvernig má bregðast við vandanum, gerir mig öruggari.

Mælir þú með námskeiðinu? Já alveg hiklaust, ætti að vera skylda. Frábært að koma á námskeiðið, mjög fræðandi og góður vettvangur fyrir að bera saman bækur sínar og fá skýr svör.

Guðný Arna Beck, deildarstjóri í leikskólanum Rauðhól.

1. Hrefna Ólafsdóttir (2010). Faraldsfræði kynferðislegrar misnotkunar gegn börnum. Í (ritstj.) Svava Ísfeld Ólafsdóttir, Kynferðisofbeldi gegn börnum. Reykjavík: Háskólaútgáfan.



Verum upplýst

-verndum börnin okkar!

Fullorönrir bera ábyrgð á börnum sínum og hafa samtökin Blátt áfram lagt mest upp úr því að fræða þá. Fræðslan fer fram í leik- og grunnskólum landsins í formi fyrirlestra og námskeiðs sem nefnist **Verndarar barna**.

Foreldrar geta fengið fræðslu í gegnum vefsíðu Blátt áfram og óskað eftir fyrirlestri fyrir foreldrafélag sitt þar sem barnið er í skóla eða í tómsundastarfi.

Markmið samtakanna er að fræða fulloröna um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og hvernig megi fyrirbyggja það.



Blátt áfram - Fíkafen 9, 108 Reykjavík • Sími 533 2929 • blattafram@blattafram.is • blattafram.is



Verum upplýst

-verndum börnin okkar!

Fullorönrir bera ábyrgð á börnum sínum og hafa samtökin Blátt áfram lagt mest upp úr því að fræða þá. Fræðslan fer fram í leik- og grunnskólum landsins í formi fyrirlestra og námskeiðs sem nefnist **Verndarar barna**.

Foreldrar geta fengið fræðslu í gegnum vefsíðu Blátt áfram og óskað eftir fyrirlestri fyrir foreldrafélag sitt þar sem barnið er í skóla eða í tómsundastarfi.

Markmið samtakanna er að fræða fulloröna um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og hvernig megi fyrirbyggja það.



Blátt áfram - Fíkafen 9, 108 Reykjavík • Sími 533 2929 • blattafram@blattafram.is • blattafram.is



Verum upplýst

-verndum börnin okkar!

Fullorönrir bera ábyrgð á börnum sínum og hafa samtökin Blátt áfram lagt mest upp úr því að fræða þá. Fræðslan fer fram í leik- og grunnskólum landsins í formi fyrirlestra og námskeiðs sem nefnist **Verndarar barna**.

Foreldrar geta fengið fræðslu í gegnum vefsíðu Blátt áfram og óskað eftir fyrirlestri fyrir foreldrafélag sitt þar sem barnið er í skóla eða í tómsundastarfi.

Markmið samtakanna er að fræða fulloröna um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og hvernig megi fyrirbyggja það.



Blátt áfram - Fíkafen 9, 108 Reykjavík • Sími 533 2929 • blattafram@blattafram.is • blattafram.is



Verum upplýst

-verndum börnin okkar!

Markmið samtakanna er að fræða fulloröna um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og hvernig megi fyrirbyggja það.

Foreldrar geta sótt sér fræðslu í gegnum vefsíðu Blátt áfram og óskað eftir fyrirlestri fyrir foreldrafélag sitt þar sem barnið er í skóla eða í tómsundastarfi.

Fullorönrir bera ábyrgð á börnum sínum og hafa samtökin Blátt áfram lagt mest upp úr því að fræða þá. Fræðslan fer fram í formi fyrirlestra og námskeiðs sem nefnist **Verndarar barna**.



Blátt áfram - Fíkafen 9, 108 Reykjavík • Sími 533 2929 • blattafram@blattafram.is • blattafram.is



Sölvi Tryggvason hefur umsjón með upptökum og gerð myndefnis.

Á síðasta ári hófst gerð á íslensku kennslufni fyrir íslenskt samfélag og er verkefnið langt komið. Undirtektir eru góðar hjá þeim sérfræðingum, sálfræðingum, læknum og félagsráðgjöfum sem leitað hefur verið til. Efnid felst í vinnubók og vönduðum fræðslupáttum, þar sem fjallað er um þessi mál frá öllum hliðum. Í þeim eru viðtöl við þolendur, sálfræðinga, lögfræðing, lög-reglu, prest og fleiri. Verkefnisstjóri er Sölvi Tryggvason sem hefur umsjón með upptökum og gerð myndefnis. Dr. Berglind Guðmundsdóttir sálfræðingur kemur að faglegum undirbúningi og er leiðbeinandi um þætti sem snúa að kynferðisofbeldi gegn börnum og afleiðingum þess. Að gerð kennslufnis koma m.a. Elísa Ragnheiður Ingólfssdóttir, félagsráðgjafi og verkefnastjóri PMTO og SMT, Guðrún Helga Bjarnadóttir leikskólakennari og ART þjálfari, Sigríður Björnsdóttir sálfræðinemi og fleiri fagaðilar.

Fræðsla fyrir leik- og grunnskólabörn

Þrátt fyrir að fullorðnir beri ábyrgð á að koma í veg fyrir kynferðisofbeldi telja samtökin Blátt áfram einnig mikilvægt að fræða börn og ungmenni í gegnum skólafélagið. Fræðslan er ávallt sniðin að þeim aldurshópi sem hún beinist að hverju sinni. Skólar sem hafa fengið fræðslu fyrir starfsfólk sitt, kalla eftir fræðslu fyrir börn og ungmenni.

Teiknimynd - Leyndarmálið – segjum nei, segjum frá!

Teiknimyndin Leyndarmálið – segjum nei, segjum frá! er fyrsta verkefni sam-takanna Réttindi barna. Verkefnið hefur frá byrjun hlotið jákvæð viðbrögð frá fagaðilum, yfirvöldum, skólastjórum, foreldrum og almenningi. Verkefnið er fjármagnað með styrkjum og hafa ótalmargir gefið vinnu sína í þágu málefisins. Leyndarmálið hefur verið tekin til sýninga árlega fyrir flest börn í 3. bekk grunnskóla. Verkefnið nálgast forvarnarfræðslu um kynferðislega misnotkun gegn börnum á nýjan hátt. Teiknimyndin, ásamt stuðningsefni sem henni fylgir, var send í alla skóla landsins vorið 2011, þeim að kostnaðarlausu. Blátt áfram sá um

gerð fræðslufnis fyrir kennara og hýsir teiknimyndina á vefsíðu félagsins. Könnun var send til skólanna eftir sýninguna og voru kennarar mjög ánægðir og töldu sig hafa betra verkfæri til að fræða börn og aðstoða þau betur ef ofbeldistilfelli kæmu upp. Ekki virðast allir skólar nýta sér þetta fræðslufni sem þeim stendur til boða að kostnaðarlausu, 3036 börn í 109 skólum sáu teiknimyndina og fengu bókamerki frá Blátt áfram. Ekki fengust viðbrögð frá 68 skólum, sem þáðu ekki bókamerki og því ekki vitað hvort að fræðslan hafi átt sér stað.

Lífsleikni

Samtökin Blátt áfram bjóða upp á sérstaka fræðslu í lífsleikni fyrir unglunga í 7.-10. bekk. Margir þeirra hafa lent í erfiðleikum og/ eða aðstæðum sem þeir vita ekki hvernig þeir eiga að bregðast við eða hvar hjálp er að finna. Í þessum tímum er rætt við unglunga um líkama þeirra, samskipti við aðra og þau mörk sem þau mega setja, neyslu og nauðgun. Rætt er um samfélagið vilt og breitt og hvað beri að varast. Þau fá fræðslu um falið ofbeldi, eins og þegar einhver nuddar sér upp við mann og segir það hafa verið óvart, óvænta snertingu eða snertingu sem hefst með kitli eða klóri á baki og þess háttar. Nauðsynlegt er að segja ungmennum frá hættunni á að einhver gæti reynt að fá þau til að gera eitthvað sem þeim finnst óþægilegt, reynt að tæla þau með gjöfum, svo sem peningum eða hrósi, einhver horfi óþægilega á þau, snerti þau eða biðji þau að snerta sig. Þá er þeim bent á að þeir sem beita slíku ofbeldi komi oftast úr þeirra nánasta umhverfi, séu jafnvel einhverjir sem þau þekkja vel. Þá er hnykk á að ofbeldið sé aldrei þeim að kenna. Meðalaldur geranda er um 27 ár og því oft á tíðum um mikinn mun á þroska og lífsreynslu að ræða milli geranda og þolenda². Rætt er um að kynferðislegt ofbeldi geti átt sér stað milli systkina eða unglunga á svipuðu reki. Talið er að það sé fimm sinnum líklegra að kynferðislegt ofbeldi eigi sér stað á milli systkina en af hálfu föður³.

Spurningar eru lagðar fyrir nemendur í lok hvers tíma sem þau svara og skila. Einnig er þeim gefin kostur á að spyrja spurninga skriflega. Fyrirlesari og kennari eða annar starfsmaður skólans fer yfir svör þeirra og spurningar og vinnur með það eins og þurfa þykir. Hér koma dæmi um spurningar sem brenna á unglungum: **Hvað á maður að gera ef enginn trúir manni? Hvernig er best að bregðast við því ef einhver segir manni? Hvað gerist eftir þetta allt, ef að aðili segir frá?**

Facebook

Tæplega 17.000 manns fylgjast með fræðslu og ráðum til foreldra á facebook síðu félagsins.

Samráð og samstarf

Rannveig Einarsdóttir, sviðstjóri fjölskylduþjónustunnar í Hafnarfirði, ásamt Geir Bjarnasyni, Hauki Haraldssyni, Thelmu Þorbergsdóttur, Krístrúnu Helgu Ólafsdóttur og Sigríður

Blátt áfram ábending - Nr. 8

Ef barninu þínu er boðið í heimsókn í einhvern tíma eða er að heimsækja nýja vini, gefðu þér tíma til að kynna foreldrum þeirra. Spurðu um fjölda barna í fjölskyldunni og kynntu þér aðstæður og venjur. Segðu frá þínum reglum um að börnin þín leiki sér ekki á bak við lokaðar dyr, að þú minnir þau á að fara ein á klósettið og að þau eigi að fá að hringja heim hvenær sem er án þess að þurfa að gefa skýringu á því.

Takk fyrir að fræða sjálfan þig og þína nánustu um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi. Með því tryggirðu ekki aðeins öryggi barnanna þinna heldur fjölmargra í umhverfi þínu.



2. *Darkness 2 light, Verndarar barna (2006).*

3. *Levine og Kleine (2008), bls. 147*

Björnsdóttur formaður Blátt áfram undirrituðu nýjan samstarfssaming á milli Blátt áfram og Hafnarfjarðar. Þetta samstarfsverkefni hefur staðið í fimm ár og hafa nú þegar um 800 starfsmenn af 1000 setið námskeiðið. Fulltrúi Blátt áfram, fulltrúi fræðsluskrifstofu og fulltrúar Fjölskylduþjónustunnar hittast minnst einu sinni á ári og meta hvernig fræðslan gengur og stöðu verkefnisins.

Blátt áfram tók einnig þátt í samstarfsverkefni Vitundarvakningar um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum. En það er samstarfsverkefni innanríkisráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis og velferðarráðuneytis. Þetta samstarf stóð yfir frá 2012 og út árið 2014. Aðkoma blátt áfram að samstarfi árið 2014 var meðal annars þátttaka í rýni og samráðsfundum.

Erlent samstarf

Blátt áfram tekur meira þátt í erlendu samstarfi og komu félagasamtök í heimsókn og tók félagið einnig þátt í uppbyggingu á forvarnarstarfi í öðrum löndum.

Blátt áfram tók þátt í **Nordan ráðstefnu** í Tallin fyrir hönd **KSAN**, sem eru regnhlífasmöt um forvarnir gegn áfengis og vímuefnanotkun kvenna á öllum aldri. Samtökin telja 300.000 meðlimi og 31 félagasamtök.



Einnig tók Blátt áfram þátt í erlendu samstarfi í Búdapest þar sem haldið var 2 daga námskeið í Búdapest, fyrir 10 manns frá 10 samtökum í Ungverjalandi.

Fulltrúar Blátt áfram tóku þátt í ráðstefnu í Riga, Lettlandi um EEA styrki og mikilvægi samstarfs við önnur félagasamtök og aðrar þjóðir. Við erum sterkari saman.

Blátt áfram tók líka þátt í samstarfi um forvarnir gegn áfengis og vímuefnanotkun kvenna á öllum aldri. Félagasamtök frá **Bella net** - Svíþjóð, **Blátt áfram** - Íslandi, **Retretten** -Noregi og Finnlandi á **Nordic Forum 2014** í Malmö og svo **Womans Session** í **NordAN konferansen** í Riga.



Fulltrúar félagsins í veislu hjá norska sendiherranum, en Noregur, Ísland og Lichtenstein standa að baki þessum sjóði sem veita löndum, fyrri A-Evrópu styrki til að vinna að málefnum sem tengjast réttindabaráttu, forvörnum ofl. Á myndinni eru frá vinstri. Atli Sigurðarson, stjórnarmaður Blátt Áfram, Veronika Lemeševska, samstarfskona Blátt áfram í Lettlandi, Guðrún Helga Bjarnadóttir, leikskólakennari og fulltrúi Blátt áfram og Sintija Bernava,



Á ráðstefnunni sem haldin var í Malmö í Svíþjóð um samstarf um forvarnir gegn áfengis og vímuefnanotkun kvenna á öllum aldri.



Erlendir aðilar heimsækja félagið árlega til að kynnast starfinu og fá ráðgjöf um mikilvægi forvarna. Frjáls félagasamtök frá Ungverjalandi, Lettlandi, Litháen og Grænlandi heimsóttu félagið á árinu.



Blátt áfram hélt upp á 10 ára afmæli félagsins með samráðsfundi og afmælisveislu þar sem heiðraðir voru einstaklingar, stofnanir og félög sem staðið hafa sig vel í forvörnum á síðastliðnum árum. Allur hópurinn samankomin sem fékk viðurkenningu Blátt áfram fyrir starf í þágu verndun barna gegn kynferðisofbeldi. Til hliðar er forsíðumynd af afmælisblaðinu sem Blátt áfram gaf út í tilefni 10 ára afmælisins.



Rannsóknir sem tengjast Blátt áfram

Brúðuleikhús Blátt áfram „Krakkarnir í hverfinu“. Blátt áfram hefur staðið fyrir umfangsmikilli forvarnarfræðslu frá stofnun þess og bauð upp á brúðuleikhússýninguna Krakkarnir í hverfinu frá árinu 2005 til 2011. Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF) var falið af Blátt áfram að meta árangur brúðuleikhússins Krakkarnir í hverfinu. Meginmarkmið rannsóknar var að kanna hvort brúðuleikhúsið Krakkarnir í hverfinu hafi skapað aukna umræðu um ofbeldi í skólum og hvort sýningin hafi orðið til þess að auka þekkingu kennara á ein-kennnum kynferðislegs ofbeldis. RBF hafði yfirumsjón með verkefninu en fól Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands að annast gagnaöflun og úrvinnslu. Samstarf RBF og Blátt áfram hófst árið 2011 sem og undirbúningur að rannsókninni. Fjármagn til að vinna rannsóknina fékkst árið 2012 þegar Blátt áfram hlaut styrk úr heilsusjóði Landlækniseimbættis árið 2012.

Svava Björnsdóttir Brooks og Guðrún Helga Bjarnadóttir leikskólakennari starfa í hluta-starfi. Ennfremur hafa samtökin komið sér upp neti leiðbeinenda sem sinna forvarnarfræðslu á vegum Blátt áfram. Leiðbeinendur sem starfa á vegum félagsins eru fagmenntaðir einstaklingar t.d. sálfræðingar, félagsráðgjafar, námsráðgjafar, prestar, leikskóla- og grunnskólakennarar.

Samtökin Blátt áfram þakka öllum þeim einstaklingum, fyrirtækjum og ráðuneytum sem veittu þeim styrki á árinu. Samtökin Blátt áfram eru rekin með styrkjum og frjálsu framlögum.

Reykjavík, 21. maí 2015.

Stjórn og starfsfólk

Stjórn félagsins skipa; Sigríður Björnsdóttir formaður, Svava Björnsdóttir varaformaður, Sigfríður Sigurðardóttir skrifstofustjóri, ritari, Oddur Pétursson verslunareigandi, gjaldkeri og meðstjórnandi Elísa Ragnheiður Ingólfssdóttir félagsráðgjafi, verkefnastjóri PMT og SMT. Varamenn í stjórn eru Elísabet Guðmundsdóttir starfsmannastjóri og Atli Sigurðarson.

Sigríður Björnsdóttir er framkvæmdastjóri samtakanna.

Sjá PDF af afmælisblaði

Stjórn Blátt áfram

Sigríður Björnsdóttir, formaður
Svava Brooks, varaformaður
Oddur Pétursson, gjaldkeri
Sigfríður Sigurðardóttir, ritari
Elísa Ragnheiður Ingólfssdóttir, meðstjórnandi
Elísabet Guðmundsdóttir, varamaður
Atli Sigurðarson, varamaður

Lykiltölur úr ársreikningi

Upplýsingar um samtökin

Blátt áfram, forvarnarverkefni er sjálfstætt starfandi samtök með starfsstöð að Fákafeni 9, Reykjavík. Samtökin greiða ekki tekjuskatt þar sem verkefnið fellur undir undanþáguákvæði 4. tl. 4. gr. Laga um tekjuskatt nr. 90/2003.

Árin 2007-2010 höfðu samtökin fengið afnot af húsnæði, húsmunum og bíl frá velgjörðamanni samtakanna. Það var einstakt framlag sem lauk á árinu 2011.

Á miðju ári 2011 fluttu samtökin í leiguhúsnæði að Fákafeni 9 í Reykjavík.

	2014	2013	2012	2011	2010
Tekjur*					
Styrkir og aðrar tekjur	5.676	3.549	8.936	6.203	6.765
Landssöfnun	10.996	12.210	16.048	9.077	8.620
Gjöld					
Laun og launatengd gjöld	10.233	7.214	6.682	9.328	7.208
Húsnæðiskostnaður	1.562	1.496	1.419	846	0
Vitundarvakning, auglýsingar og ráðstefna	4.231	2.660	1.645	5.232	415
Annar kostnaður	7.435	9.282	3.936	4.679	4.823
Fjármunatekjur og fjármagnstjöld	176	229	(23)	101	248
Rekstrarafkoma	(6.612)	(4.664)	11.280	(4.704)	3.186
Efnahagsreikningur í árslok*					
Eignir	9.018	13.194	16.472	8.121	11.301
Skuldir	4.139	1.703	317	3.246	1.723
Eigið fé	4.879	11.491	16.155	4.875	9.578

*Fjárhæðir í þúsundum króna



Verum upplýst

-verndum börnin okkar!

Markmið samtakanna er að fræða fullorðna um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og hvernig megi fyrirbyggja það.

Foreldrar geta sótt sér fræðslu í gegnum vefsíðu Blátt áfram og óskað eftir fyrirlestri fyrir foreldrafélag sitt þar sem barnið er í skóla eða í tómskundastarfi.

Fullorðnir bera ábyrgð á börnum sínum og hafa samtökin Blátt áfram lagt mest upp úr því að fræða þá. Fræðslan fer fram í formi fyrirlestra og námskeiðs sem nefnist
Verndarar barna.

